

Astrid Lindgern



Hver er eiginlega þessi Astrid Lindgren ?

Astrid fæddist í Svíþjóð 14. nóvember 1907. Hún átti heima á sveitabæ rétt við þorpið Vimmerby í smálöndum. Hún var rithöfundur, hún samdi margar, margar sögur. Hún skrifaði til dæmis sögurnar um Línu Langsokk, Emil í Kattholti, Kalla á þakinu, Lottu í Ólátagarði og Ronju Ræningjadóttur.





Þegar Astrid var lítil stelpa lék hún sér við systkini sín þau voru þrjú. Hún hefur notað sitthvað af því sem þau brölluðu í sögurnar sínar.

Þegar Astrid var 13 ára skrifaði hún ritgerð sem var birt í bæjarblaðinu í Vimmerby. Það var erfitt fyrir hana af því að krakkarnir notuðu tækifærið og stríddu henni. Hún átti nefnilega frænku sem var frægur rithöfundur. Þau sögðu að hún myndi verða rithöfundur. Það fannst henni alveg ferlegt. Hún sagðist sko aldrei ætla verða rithöfundur og var alveg hundfúl yfir þessari stríðni.

Þegar Astrid var 18 ára varð hún skotinn í manni og eignaðist með honum strák. Maðurinn gat ekki búið með henni og stráknum þeirra. Astrid þurfti að sjá ein um strákinn. Það var mjög erfitt á þessum árum. Fólki fannst ekki að konur ættu að vera einar með börn. Þess vegna flutti Astrid burtu úr bænum sínum. Hún flutti til frænku sinnar í Stokkhólmi. Hún reyndi í fyrstu að sjá ein um son sinn og vinna sem ritari. Þá voru ekki til leikskólar og dagmömmur. Þetta var alltof of erfitt fyrir hana. Þetta var það erfitt að hún þurfti að láta strákinn sinn hann Lars frá sér til fósturforeldra. Lars var í fóstri þar til hann var 5 ára. En þá gat Astrid fengið son sinn til baka. Þá var hún búin að kynna öðrum manni Sture Lindgren sem hún giftist.

Þremur árum síðar eignuðust þau stelpu sem heitir Karin.



Astrid fannst skemmtilegt að vera mamma. Vinnan hennar var að vera heima hjá börnunum sínum og hugsa um þau. Henni fannst gaman að leika sér með þeim. Þau fóru og skoðuðu ýmsa leikvelli og garða og skemmtu sér konunglega saman.

Einu sinni þegar Karin var veik þá 7 ára. Það hún mömmu sína að segja sér sögu. Astrid var vön að segja börnunum sínum sögur sem hún skáldaði sjálf. Í þetta sinn spurði Astrid stelpuna sína hvaða sögu hún ætti að segja henni. Karin sagði uuuuumm..... segðu mér söguuu uuuuum... Línu langsokk. Karin skáldaði bara eitthvað nafn. Mömmu hennar fannst þetta skemmtilegt og skrítið nafn. Hún hugsaði stelpa sem heitir Lína langsokkur verður að vera ansi sérstök. Þannig að hún fann uppá ýmsu sem Lína gæti gert. Karin tók stundum með sér krakka heim úr skólanum til að fá mömmu sína til að segja þeim sögurnar um hana Línu langsokk.



Þegar Karin var orðin 10 ára vildi svo illa til að Astrid datt í hálfku og fótbrotnaði. Hún mátti ekki hreyfa sig í marga, marga daga. Þá ákvað hún að skrifa söguna um Línu Langsokk og gefa Karin í afmælisgjöf.



Astrid ákvað að senda afrit af sögunni til bókaútgefanda en hann sendi henni handritið til baka af því að það var of róttækt. Stelpuskottið hún Lína féll ekki inn í lífið eins og það átti að vera. Lína gerði bara gys að barnaverndarnefnd, lögreglunni og var auk þess alltof sjálfstæð. Þá þótti þetta ekki gott barnaefni.

Astrid skrifaði aðra sögu og sendi í annað bókaforlag og fékk verðlaun fyrir það. Þannig að hún breytti aðeins sögunni um Línu og prufaði að senda hana aftur og þá var hún gefin út og fékk fyrstu verðlaun. Margar bækur sem Astrid skrifaði er búið að gefa út á mörgum, mörgum tungumálum í mörgum löndum. Enda skemmtilegar og vinsælar sögur bæði fyrir börn og fullorðna.

Hugmyndirnar í sögurnar sínar sótti Astid hingað og þangað. Til dæmis er umhverfið í sögunni um Línu eins og þorpið sem Astid bjó í. Eldhúsið hjá Línu var alveg eins og heima hjá Astrid þegar hún var smá stelpa.

Hugmyndina að Emil fékk hún þegar hún horfði á barna barn sitt sem var uppátækjasamur og fjörugur strákur. Söguna af bróðir minn Ljóns hjarta fékk hún eftir að bróðir hennar sagði henni frá að hann væri það veikur að hann væri dauðvona. Hann sagði það engum nema henni.



Astrid varð mjög gömul kona hún varð tæplega 95 ára þegar hún dó í janúar 2002.

Astrid fékk aldrei Nóbelsverðlaunin eins og hún hefði svo sannarlega átt skilið. Nóbelsverðlaun eru veitt til rithöfunda sem hafa staðið sig mjög vel.

Astrid var spurð að því á afmælisdaginn sinn þegar hún varð nítíu ára hvort hún væri ekki svekkt yfir að fá ekki Nóbelsverðlaun eins og margir hefðu lagt til. Þá svaraði hún að hún gæti bara „dáið af svo miklum heiðri“.

Nú langar mig að biðja þig að hugsa um nokkur atriði ef þú hefur lesið eða heyrt einhverjar af sögunum sem Astrid Lindgren skrifað.

1. Hefur þú þá tekið eftir einhverju um vináttu í sögunum?
2. Hefur þú tekið eftir uppátækjum?
3. Var einhver sorg í sögunni?
4. Var gleði í sögunni?
5. Hvað gerist í sögunum þegar fólkið er að gera sér glaðan dag?
6. Hvað finnst þér merkilegast eða skemmtilegast í sögunum hennar Astrid?